

**DAGS 11. MAÍ 2026**

**HAFNARFJARÐARKAUPSTAÐUR**

**OG**

**HVERABERG EHF.**

**VILJAYFIRLÝSING UM SAMSTARF Á SVÆÐI KRÝSUVÍKUR**

03 00

# Viljayfirlýsing

## AÐILAR:

Hafnarfjarðarkaupstaður., kt. 590169-7579, Strandgötu 8-10 („**Sveitafélagið**“)

og

Hveraberg ehf., kt. 470617-2760, Austurmörk 4, 810 Hveragerði („**HB**“);

sameiginlega nefndir „**aðilar**“.

## 1. Inngangur

- 1.1 Hveraberg er þróunar- og fjárfestingarfélag í ferðaiðnaði með mikla reynslu af uppbyggingu ferðamannastaða á Íslandi.
- 1.2 Hafnarfjarðarbær er eigandi Krýsuvíkursvæðisins þar sem staðsettir eru margir áhugaverðir staðir, þ.m.t. Seltún, Grænavatn, Austurengjahver og Krýsuvíkurbjarg.
- 1.3 Aðilar hafa um nokkurt skeið átt viðræður um samstarf á svæði Krýsuvíkur á landi Hafnarfjarðarbæjar. Nú er kominn staðfestur gagnkvæmur áhugi aðila að ganga til samninga um samstarfið.
- 1.4 Aðilar hafa sammælt um að leggja eftirfarandi atriði til grundvallar samningaviðræðum sínum varðandi samstarfið.

## 2. Markmið samstarfsins

- 2.1 Móta skýra framtíðarsýn fyrir Krýsuvíkursvæðið og byggja það upp á heildstæðan hátt þannig að íbúar og gestir fái notið þeirra fjölbreyttu möguleika sem svæðið hefur upp á að bjóða.
- 2.2 Uppbygging verði lágstemd og falli vel að náttúrunni með sjálfbærni að leiðarljósi. Gæði, upplifun gesta og varfærni gagnvart náttúru og burðarþoli svæðanna verði leiðarljós í allri uppbyggingu.
- 2.3 Skapa spennandi áfangastað fyrir Hafnfirðinga og innlenda og erlenda gesti, einstakan náttúrugarð sem vert er að heimsækja.
- 2.4 Samstarf og samhæfing aðgerða með HS Orku og annara hagaðila á svæðinu eftir atvikum.
- 2.5 Samhæfa þróunarmarkmið við stefnu bæjarins og stuðla að uppbyggingu starfa á svæðinu.
- 2.6 Skoða heildrænt hvers konar þjónusta og uppbygging hentar hverju svæði:  
  
Lykilstaðir : m.a. Seltún - Grænavatn - Austurengjar - Krýsuvíkurbjarg  
  
verði aðgengilegir með viðeigandi innviðum og þjónustu, s.s. upplýsingagjöf, bílastæðum, salerni og göngustígum.  
  
Þróunarsvæði : m.a. Gróðurhúsin - Gamla fjósið - Kleifarvatn  
  
verði nýtt til frekari uppbyggingar og þróunar á áfangastöðum með fjölbreyttri þjónustu og herra þjónustustigi.
- 2.7 Uppbygging verði áfangaskipt með áherslu á lykilstaði og samhliða verði unnið að hugmyndum fyrir þróunarsvæði, deiliskipulagi og uppbyggingu annarrar þjónustu.

OS      BS  
  
UN

### 3. Samstarfssamningur

- 3.1 Aðilar lýsa yfir vilja til þess að gangan frá samstarfssamning síni á milli og er hér að neðan helstu áherslur slíks samnings ásamt minnisblaði í viðauka 1 sem stuðst verður við í útfærslu samningsins.
- 3.2 Aðilar sjá fyrir sér að í samstarfinu myndi felast að HB komi inn með þekkingu og reynslu af uppbyggingu ferðamannastaða og myndi HB leiða þróunarvinnuna í samstarfi við sveitarfélagið en uppbygging svæðisins væri áfangaskipt.
- 3.3 Sveitarfélagið myndi samhliða vinna í skipulagsmálum og gera nauðsynlegum breytingar á skipulagi eins og þarf og hefur verið samþykkt af báðum aðilum.
- 3.4 Í byrjun væri helsta herslan lögð á uppbyggingu á lykilstöðum þ.m.t. Seltún, Grænavatn, Austurengjahver og Krýsuvíkurborg. Aðilar skilgreina í sameiningu þær lóðir sem áhersla er á og myndi HB skrifa undir lóðarleigusamninga samhliða skuldbindingu að byggja upp og framkvæma nauðsynlega innviði, stígagerð og þjónustu tengda þessum lykilstöðum.
- 3.5 Samhliða þessari vinnu væri unnið að hugmyndum um önnur þróunarsvæði ásamt viðeigandi lóðum til úthlutunar gegn lóðarleigusamningum.

### 4. Tímamörk

Aðilar hyggjast ganga frá fyrirhuguðum samningi eins fljótt og kostur er og lýsa því yfir að þeir munu semja í góðri trú með það að markmiði að klára slíkan samning innan 90 daga frá undirritun þessarar viljayfirlýsingar.

### 5. Einkaviðræður

- 5.1 Frá undirskrift viljayfirlýsingar þessarar eru aðilar sammála að eiga í einkaviðræðum í 90 daga („einkaréttartímabilið“). Skulu aðilar leitast við að ljúka samningagerð á einkaréttartímabilinu.

### 6. Kostnaður

- 6.1 Hver aðilanna skal bera sinn eigin kostnað í tengslum við viðræðurnar, þ.m.t. kostnað við samningaviðræður og samningagerð.

### 7. Lög og varnarþing

- 7.1 Um viljayfirlýsingu þessa gilda íslensk lög og skulu ágreiningsmál vegna hennar rekin fyrir Héraðsdómi Reykjaness.

Hafnarfjörður 11.05.2026

Staður og dagsetning

F.h. Hafnarfjarðarkaupstaðar:

Valdimar Víðisson  
Valdimar Víðisson  
Órri Þjón



F.h. Hveraberg ehf:

Brynjólfur Jón Baldursson  
Brynjólfur Jón Baldursson

Valgarð Þórarinn Sörensen